

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1987 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 17. mars 1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1987.*

**Ragnildur Helgadóttir.**

Ingimar Sigurðsson.

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis nr. 220, 20. mars 1986, með síðari breytingum.**

Liður 2.1 orðist svo:

Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.

Orkugjald ..... kr. 5,31 kWh

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 1987.*

**Albert Guðmundsson.**

Guðrún Skúladóttir.

## REGLUGERÐ

**um afnám banns við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.**

1. gr.

Þann 24. febrúar 1987 kl. 12:00 á hádegi, er felld úr gildi reglugerð nr. 250 16. maí 1986, um bann við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 1987.*

F.h.r.

**Jón B. Jónasson.**

Þórður Eypórsson.